

vera óraskaður. Ákærði, Markús Jósefsson, á að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir landsyfirdóminum, málaflutningsmannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 55/1898:

Réttvísni

gegn

Valdimar Arnfinnssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Akureyrarkaupstaðar, upp kveðnum 21. septbr. f. á., var hinn ákærði, Valdemar Arnfinnsson, dæmdur fyrir sviksamlegt athæfi eftir 255. gr. og 259. gr. hinna alm. hegningarlaga 25. júní 1869 sbr. 63. gr. sömu laga, til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð, og til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 5 kr. í málsvarnarlaun til verjanda í héraði. — Þessum dómi hefir verið skotið til yfirréttarins eftir kröfu hins ákærða og af hálfu hins opinbera.

Með bréfi, dags. 22. desbr. 1897, viðurkennir hinn ákærði, að hann hafi þá samstundis gjört þann samning við konsúl J. V. Havsteen á Oddeyri, að hann vorið 1898 frá 1.—14. apríl skuli gjörast útgerðarmaður hans (Havsteens) á há-

karlaskipinu »Æskan«, eða einhverju öðru skipi, og verða það um útgerðartíma skipsins, gegn því að hann fái í fæðispeninga kr. 6,50 til 7 kr. um vikuna og leggi sér alt til, en fái svo hálfan hlut, sem «*hann ræður því kaupmaður J. V. Havsteen yfir allan hlutinn heilan hlut af skipinu*«, og er samningurinn þannig orðaður í þessu bréfi. Hinn 13. jan. næst á eftir (1898) gjörði ákærði annan samning í sama skyni við konsúl Havsteen, og eru ákvæðin hin sömu og í hinum fyrra samningnum, en nokkuru skýrar tekið fram um hlutinn, sem sé þannig, að »ég (∴ ákærði) svo fái hálfan hlut, sem kaupmaður Havsteen ræður að öllu leyti yfir eins og sinn hálfa hlut af skipinu; ræður hann þannig að öllu leyti yfir heilan hlutinn«. — Hinn 5. apríl sama ár gefur svo ákærði út skjal, þar sem hann heimilar Jóni Norðmann verzlunarstjóra á Oddeyri að ganga eftir og veita móttöku öllum heilum »hlut« hans af lýsi af skipinu «Æskan» yfir næstkomandi útgerðartíma. — Ákærði hefir kannast við það, að hann hafi ritað þetta síðarnefnda skjal í því skyni, að fá úttekt hjá Norðmann, sem hann eigi hefði annars fengið.

Þó að samningar hins ákærða við Havsteen séu mjög ógreinilega samdir og illa úr gærði gjörðir, verður þó að skilja þá á þann veg, að ákærði hafi heimilað Havsteen umráð yfir lýsis-hlut sínum á skipinu »Æskan« þessa umræddu vertíð, þannig að Havsteen mætti taka þennan hlut til sín, og hagnýta sér hann, er hann kæmi í land. Þar sem nú ákærði síðar með bréfinu 5.

apríl 1898 heimilaði Jóni Norðmann að ganga eftir og veita móttöku lýsishluta hans af skipinu, en hér gat eigi verið að ræða nema um þann hlutarhelming, sem eftir venju í Eyjafjarðarsýslu er eign útgerðarmanns, — og þar sem bann eftireigin játingu gjörði þetta í því skyni að fá úttekt hjá Norðmann, sem hann og virðist hafa fengið, getur hann eigi komist hjá refsingu fyrir sviksamlegt athæfi, með því að hann þegar áður hafði afhent öðrum manni þennan lýsishlut sinn.

Hinn ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, og hefir eigi áður sætt dómi né refsingu fyrir nokkurt afbrot. Hér umrætt brot hans er af undirdómaranum réttilega heimfært undir 259. gr., sbr. 255. gr. hinna alm. hegningarlaga, og þykir refsingin hæfilega ákveðin 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Með því að yfirdómurinn einnig felst á ákvæði aukaréttardómsins um málskostnað, ber að staðfesta téðan dóm í öllum greinum. Ákærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra. — Það vottast, að rekstur málsins í héraði og málsfærslan við yfirdóminn hefir verið lögmat.

Því dæmist rjett vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Ákærði Valdemar Arnfinnsson greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir

ir yfirdómi, málaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 20. marzmánaðar.

Nr. 43/1898:

Guðmundur Þorbjarnarson
fyrir hönd eigenda Hvals í Mýrdal
gegn

Vigfúsi Þórarinssyni, Sverri Magn-
ússyni, Þorleifi Jónssyni og Ein-
ari Guðmundssyni, ábúendum
Ytri-Sólheima.

D ó m u r :

Áfrýjandinn Guðmundur Þorbjarnarson, ábúandi á jörðinni Hvoli í Mýrdal, höfðaði fyrir hönd eigenda téðrar jarðar og eftir umbodi frá þeim mál þetta fyrir aukarétti Skaftafellssýslu gegn hinum stefndu ábúendum og umráðendum jarðarinnar Ytri-Sólheima, út af rétti Hvolseigenda til lambaupprekstørs á svo kallaða »Hvítmögu«, af rétt í landi Ytri-Sólheima, gegn ítaki, sem þessari jörð sé talið í Hvolsmýri. Málið kom svo í landamerkjadóm Skaftafellssýslu, og var dæmt þar 13. júní f. á. þannig, að sökinni var vísað frá dómi, og sækjendurnir, eigendur Hvals, skyldaðir til in solidum að greiða hinum stefndu, Vigfúsi Þórarinssyni, Sverri Magnússyni, Þorleifi Jónssyni og